

Table of Contents

Inngangur	2
Demantabær	2
Niðurstöður ytra matsins	3
Greining.....	4
Styrkleikar	4
Tækifæri til umbóta	4
Niðurstöður mats eftir leiðarvísun	5
Stjórnun	5
Styrkleikar	5
Tækifæri til umbóta	5
Frístundastarf	6
Styrkleikar:	6
tækifæri til umbóta:.....	6
Mannauður.....	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Staðarbragur.....	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	8

Inngangur

Í skýrslu þessari er farið yfir niðurstöður ytra mats á Demantabæ, frístundaheimilis við Lindaskóla. Matið var framkvæmt að mestu í febrúar 2020 og svo framhaldið í nóvember 2022 en hlé varð á framkvæmd vegna Covid 19 faraldursins og mun það óhjákvæmilega hafa einhver áhrif á niðurstöður matsins. Matið er framkvæmt af einum utanaðkomandi matsaðila með uppeldis og menntunarfræði bakgrunn, sem ekki starfar hjá Kópavogsbæ. Auk þess sem deildarstjóri frístundadeildar hjá Kópavogsbæ tók þátt í vettvangsheimsóknum og viðtölum.

Matið byggir þremur vettvangsheimsóknum, (tveimur í janúar 2022 og einni í nóvember 2022), viðtölum við forstöðukonu, starfsfólk og börn. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk frístundar að vinna að framförum og umbótum auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Matið er gert út frá viðmiðum um gæði í frístund sem eru mótuð af deildastjóra grunskóladeildar og kennsluráðgjafa með [Stefnu í málefnum Dægradvala](#) að leiðarljósi. Einnig voru matsferli annarra sveitarfélaga höfð til hliðsjónar. Matið tekur til fjögurra þátta.

Stjórnun
Frístundastarf
Mannauður
Staðarbragur

Viðmiðin voru gerð eins skýr og mögulegt er til að leitast við að allir starfsstaðir sem fara í gegnum matið fái sambærilegt mat. Hafa skal þó í huga að út frá eigindlegri gagnaöflun s.s. vettvangsferðum og rýnihópaviðtölum er takmarkað hægt að alhæfa en geta gefið góða innsýn í starfið og upplifun þeirra sem að því koma.

Demantabær

Demantabær er frístund við Lindaskóla og er staðsett inn í skólanum. Demantabær hefur 2 stórar stofur fyrir starfsemina auk þess sem fleiri kennslustofur, matsalur, íþróttasalur, matreiðslustofa o.fl. er samnýtt með skólanum.

Í Demantabæ mæta börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur frá 13:20 – 17:00 og þegar frí er í skólanum er opið frá 8-17 og er opnun auglýst sérstaklega. Fjöldi skráðra barna var 136 þegar matinu lauk og þar starfar 1 forstöðumaður auk 9 annarra starfsmanna í 5 stöðugildum en unnið er að ráðningu starfsfólks og er rými fyrir heilt stöðugildi í viðbót.

Niðurstöður ytra matsins

Eins og fram hefur komið er það markmið matsins vera leiðbeinandi og aðstoða stjórnendur og starfsfólk frístundar að vinna að framförum og umbótum auk þess að hlúa að því sem vel er gert. Hér er matið því sett fram myndrænt með ákveðnum leiðarvísunum, en hver vísir var metinn með því að leggja mat á nokkra þætti sem tengjast honum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaður	Skipulag og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun starfsstaðar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

*Litirnir í vísbendingunum sýna meðalútkomu hvers vísis.

- 96%+ **Dökkgrænt:** Sérstaklega gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf og er öðrum starfsstöðum til eftirbreytni.
- 80-95% **Ljósgrænt:** Gott verklag sem samræmist lýsingu um gæðastarf.
- 60-79% **Gult:** Flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- 40-59% **Appelsínugult:** Einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta.
- 39% **Rautt:** Verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Athygli er vakin á því að ekki er jafnt prósentuhlutfall bak við hvern lit. Verklag er talið óviðunandi ef það uppfyllir ekki 40% viðmiða. Rauði liturinn nær því yfir stærst hlutfall. Dökkgræni liturinn er svo einungis ætlaður þeim þáttum sem eru afburðagóðir og til eftirbreytni.

Styrkleikar

Gott samstarf við nærumhverfið er einn helsti styrkleiki Demantabæjar. Ljóst er að forstöðumaður hefur ræktað samstarf við skóla, íþróttafélög og foreldra um töluverðan tíma. Skákæfingar eru haldnar í samstarfi við Breiðablik og samskipti og samstarf við foreldra er mjög gott.

Demantabær er hluti af skólanum og allt samstarf við skólann er sérstaklega gott. Eitthvað af starfsfólki skólans hefur haft klúbbstarf í Demantabæ, kallað kennaratímar og stofur eru nýttar undir starfið, sem dæmi má nefna að matreiðsluklúbbur í matreiðslustofu skólans hefur verið starfræktur lengi og er mjög vinsæll meðal barnanna. Ljóst er að þetta er einn helsti styrkleiki starfsstaðarins og gerir mikið fyrir börnin sem sækja frístund. Samstarfið og návistin við skólann styrkir einnig hagnýta þætti svo sem öryggismál þar sem þau eru samræmd með skólanum.

Skipulag og utanumhald er einnig gott í Demantabæ og auðvelt fyrir börn og fullorðna að finna upplýsingar um það. Viku- og dagskipulag hangir í stofum í augnhæð fyrir börnin og er einnig aðgengilegt ásamt fleiri skipulags upplýsingu á svæði starfsmanna.

Starfsfólk er almennt ánægt með starfsstaðinn og staðarbragur góður. Eins og fram hefur komið leið langt milli heimsókna matsaðila og í millitíðinni hafði skipulags atriðum verið breytt til að auka starfsánægju og bæta starfsaðstæður. Matsaðili telur gamla fyrirkomulagið einnig hafa verið gott en sérstaklega jákvætt er að sjá að forstöðumaður leggur metnað í að meta starfsaðstæður og vinna í að bæta þær.

Tækifæri til umbóta

Þó að styrkleikar í starfi Demantabæjar séu miklir eru líka tæki til umbóta. Efla mætti barnalýðræði og virka þátttöku barnanna, t.d. með meira vali, betri nýtingu á hugmyndakassa, barnaráði eða virkara samtali við börnin þar sem þau gefa ráð og hugmyndir og fá stuðning til að skilja hvernig þeirra hugmyndir eru nýttar í starfinu. Ljóst var að margt í starfinu er skipulagt út frá hugmyndum barnanna en börnin sjálf upplifðu það þó ekki sterkt. Leita mætti markvissar eftir hugmyndum barnanna, hvetja þau til að koma með hugmyndir og jafnvel útfæra þær og framkvæma í auknum mæli. Gott væri að setja og skrá niður verklag um hvernig börnin sem starfið sækja koma að ákvarðanatöku þess.

Tækifæri eru til að efla samstarf barna og starfsfólks með því að starfsfólk tæki virkari þátt í leik með börnum eða þeim verkefnum sem þau fást við.

Miðað við stærð starfsstaðarins, barnafjölda og starfsgildi gerir matsmaður ráð fyrir að sér stöðugildi aðstoðarforstöðumanns myndi auka gæði starfsins t.d. með tilliti til fagstarfs og barnalýðræðis

Niðurstöður mats eftir leiðarvísun

Stjórnun

Styrkleikar

- Sérstaklega gott samstarf er við aðra sem vinna með börnunum sem mæta í Demantabæ s.s. skóla og íþróttafélög
- Forstöðumaður ræktar og leggur mikinn metnað í samskipti við foreldra og starfsfólk í daglegu starfi
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál, slysvarnir, skyndihjálp og farið yfir rýmingaráætlun sem er sameignleg með skólanum.
- Starfsmannafundir nýttir til að ræða og hugsa skipulag auk þess að ræða faglegar hliðar starfsins
- Gott samstarf við skóla, íþróttafélag og hverfið
- Forstöðukona dugleg að leita eftir hæfileikum starfsfólks og hvetja þau til að nýta þá.
- Starfsfólki fær passlega ábyrgð og stuðning þegar verkefnin eru of krefjandi eða falla utan þeirra starfsviðs.
- Haldin eru starfsviðtöl árlega og starfsfólk upplifir að þau fái endurgjöf á sína vinnu í daglegu starfi.
- Við ráðningu starfsfólks er farið eftir lögbundnu ráðningarferli og upplýsinga frá sakaskrá er aflað.
- Forstöðukona tekur vel á móti öllum málefnum sem starfsfólk kemur með til hennar

Tækifæri til umbóta

- Frekari áherslu mætti leggja á að vinna gildum frístundar (þau eru sameiginleg með skólanum) í starfinu.
- Vinna mætti markvissar eftir stefnu Kópavogsbæjar um Heimsmarkmiðin og Barnasáttmála.
- Starfsfólk gæti unnið markvissar eftir áætlunum um þjónustu við börn sem þurfa á stuðningi að halda.
- Huga mætti betur að hljóðvist í starfinu og á starfsstaðnum.
- Það yrði starfinu styrkur ef stofnað væri barnaráð.

- Gott væri ef forstöðukona hefði frekari tækifæri til lengri samskipta við börnin í daglegu starfi (frekara rými væri til þess t.d. ef aðstoðarforstöðumanns staða væri í Demantabæ).
- Skýrari aðkoma frístundar mætti vera að nemendaverndarráðsfundum s.s. seta þegar við á eða fastur tengiliður í ráðinu.
- Heppilegt væri að vera með meira svæði sem tilheyrir frístund einni þar sem svæði er sérstaklega hugsað til frístundaiðkunar og í leik.
- Skerpa mætti á atriðum um móttökuáætlun barna með annað móðurmál til að hún sé skýr í hugum starfsfólks ef á þarf að halda.

Frístundastarf

Styrkleikar:

- Gott rennsli og flæði er á milli skólans og frístundarinnar. Samfella er í degi barnsins.
- Starfsfólk ræðir málefni líðandi stundar við börnin.
- Verkaskipting er skýr og sýnileg starfsfólki.
- Dagsskipulag er skýrt og sýnilegt bæði börnum og starfsfólki.
- Börn fá tækifæri til að koma fram, tjá sig og koma verkefnum sínum á framfæri t.d. í leiklist, myndlist, teikningu o.fl.
- Dagskrá er kynnt foreldrum mánaðarlega í gegnum tölvupóst.
- Boðið er upp á hollan mat í síðdegishressingu.
- Viðfangsefnum er bætt við eftir því sem börnin eldast og virðist halda áhuga barnanna vel þar sem skráning og mæting er góð alveg upp í 4. bekk.
- Starfsfólk leggur áherslu á félagsnám meðal barna.
- Starfsfólk hvetur börn til sjálfshjálpar í m.a. fataklefa, matsal og annar staðar
- Metnaður er lagður í val á efnivið og búnaði. Bæði er yfirfarið reglulega og endurnýjað eftir þörfum.
- Í starfinu er boðið upp á verkefni sem ná yfir lengri tíma.

Tækifæri til umbóta:

- Starfsfólk mætti vera duglegra að taka beinan þátt í leik barna og þeirra viðfangsefnum.
- Hvetja mætti til fjölbreyttari notkunar á útisvæði og þess að börn takist á við nýjar áskoranir og verkefni úti t.d. með skipulögðu útinámi
- Barnalýðræði mætti vera virkara í starfinu, t.d. með barnaráði eða skipulögðum barnafundum
- Nýta mætti hugmyndakassa betur.
- Virkja mætti börnin meira til þátttöku í skipulagi viðburða sem haldnir eru í dægradvölinni, t.d. fyrir foreldra og ættingja

- Skipuleggja mætti og skrá niður með hvaða hætti börnin koma að ákvarðana töku í starfinu.
- Aðstoða ætti börnin við að sjá hvenær og hvernig þeirra hugmyndir eru framkvæmdar.
- Hægt væri að fara fjölbreyttari leiðir til að fá fram hugmyndir barnanna
- Aðgengi að íþróttasal gæti orðið einhverjum nemendum erfitt auk þess sem hljóðvist gæti truflað nemendur með sérþarfir
- Vinna mætti betur með fjölbreytileika í starfinu.
- Rými er til að leyfa börnunum frekar að hafa áhrif á daginn sinn t.d. með vali

Mannauður

Styrkleikar

- Starfsfólk nýtir áhugamál sín, þekkingu og hæfileika í starfi og telur hæfni sína vel nýtt í starfinu
- Starfsfólk er jákvætt gagnvart þróun í starfi
- Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólksins.
- Starfsfólk tekur þátt í faglegri umræðu um starfið á starfsmannafundum
- Starfsfólk er ánægt og líður vel í starfi
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu.
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf
- Starfsfólki finnst það hafa mikil áhrif á starfið

Tækifæri til umbóta

- Starfsfólk þyrfti að þekkja betur starfsáætlun starfsstaðarins og Kópavogsbæjar
- Áherslur í starfsáætlun og gildi Demantabæjar/Lindaskóla gætu endurspeglast betur í starfsháttum
- Starfsfólk gæti bætt virka hlustun í samskiptum við börnin
- Starfsfólk gæti verið virkara í leik með börnum
- Starfsfólk telur að vinnuaðstöðu mætti bæta en að rímið geri það erfitt.

Staðarbragur

Styrkleikar

- Natni er lögð í samskipti við foreldra. Starfsfólk gefur sig að foreldrum eða öðrum gestum sem koma.
- Starfsfólk er meðvitað um sitt hlutverk sem fyrirmyndir barnanna t.d. í heilbrigði og hegðun.

- Reglur eru fáar og skýrar, börnin þekkja þær og skilja hvers vegna þessar reglur gilda í dægradvölinni.

Tækifæri til umbóta

- Vinna með gildi staðarins mætti móta andrúmsloftið betur m.a. með því að hafa þau sýnileg á starfsstaðnum svo börn og starfsfólk vinni markvissar eftir þeim.
- Aðgangur barna að starfsfólki væri enn greiðari ef það tæki virkari þátt í leik.